

Oftnefnt ákvæði bæjarmálasamþykta­rinnar verður því að álitast hafa farið út fyrir þau takmörk, er tilskipunin 20. apr. 1872 til tekur, og þar sem það hefir ekki verið áskilið við útmælingu lóðarinnar, að áfryjandi skuli taka þátt í kostnaði við lagningu á Hverfisgötu, og það ekki er sannað að hann á annan hátt hafi skuldbundið sig í þessa átt, þá ber að sýkna hann af kröfum bæjarstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfryjandanum málskostnað fyrir undir- og yfir­dómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Þorlákur Halldórsson á að vera sýkn af kær­um og kröfum hinnar stefndu bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hin stefnda bæjarstjórn greiði hon­um 30 kr. í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög­birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1904:

Sigurður Jónsson
geg
bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Í máli þessu hefir áfryjandinn með stefnu, dags. 22. sept. f. á., skotið til yfirdómsins dómi gengnum á

Þæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí f. á., en með honum er áfryjandi dæmdur til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur tillag til vegalagningar 18 kr. 75 a. og 25 kr. í málskostnað, og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess að verða algjörlega sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir réttarins mati.

Máli þessu er svo varið, að á fundi sínum 20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt heimild í 20. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1888, að þeir sem lóð eiga að nýjum götum skyldu taka þátt í kostnaðinum við lagningu veganna, og í framhaldi af þessari ályktun var á bæjarstjórnarfundi 16. okt. 1902 hlutdeild lóðareigendanna í kostnaði við lagningu á Grettisgötu ákveðin 75 aurar á hverja alin í lengd lóðar meðfram götunni, en í nefndri grein samþyktarinnar er ákveðið, að ef leggja skuli veg frá upphafi, þar sem eigi hefir áður verið, þá ráði bæjarstjórn, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að og hvernig þeir skuli greiða þann kostnað, sem á þá legst, hvort heldur með peningum eða vinnu.

Þann 1. marz 1902 var áfryjandanum útmæld lóð við Grettisgötu, 25 álnir á lengd meðfram götunni. Við útmælinguna var það áskilið, að áfryjandinn tæki þátt í kostnaðinum við lagningu götunnar. Samkvæmt þessu hefir bæjarstjórnin krafid áfryjanda um 18 kr. 75 a. Þetta gjald hefir áfryjandi neitað að greiða og byggir hann sýknunarkröfu sína aðallega á því, að framangreint ákvæði samþyktarinnar fari út yfir þau takmörk, sem sett eru fyrir innihaldi slíkra samþykta í 31. gr. tilsk.

20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík og geti því ekkert gildi haft. Nú er það nægilega sannað með framlögðu eftirriti úr gjörðabók byggingarnefndarinnar og vitnisburði tveggja manna úr nefndinni, að lóðin var útmæld og afhent áfrýjandanum með því skilyrði, að hann tæki tiltölulegan þátt í kostnaðinum við lagningu á Grettisgötu, og þar sem áfrýjandi engu að síður tók við lóðinni, verður að álíta, að hann hafi skuldbundið sig til að taka þátt í umræddum kostnaði, og þessi skuldbinding verður að hafa fult sanningsgildi hvað sem líður ákvörðuninni í 20. gr. bæjarsamþykta­rinnar, og hefir það því engin ábrif á úrslit þessa máls, hvort grein þessi er álitin hafa lagagildi eða ekki.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafi brostið heimild til að binda afhending lóðarinnar nokkru skilyrði um tillag til göt­ulagningar, þar sem þeim sanukvæmt 5. gr. í tilsk. um fri­heit kaupstaðanna 17. nóvbr. 1786 hafi verið skylt að láta lóðina af hendi ókeypis án þess að áskilja nokkurt gjald fyrir, en skilyrði fyrir útmælingunni, að taka þátt í kostnaði við vegarlagningu, sé nokkurs konar sala á lóðinni. En bæði er það, að hér er um enga lóðarsölu að ræða, og það getur ekki álitist að tilsk. 17. nóv. 1786 sé því til fyrirstöðu, að bæjarstjórnin setji viss skilyrði fyrir útmælingu á lóðum á vissum stöðum í landi bæjarins, in casu það skilyrði, að lóðaeigendur taki þátt í kostnaði við göt­ulagningu að lóðunum eða meðfram þeim, eins og hér hefir gjört verið.

Kröfur áfrýjandans verða því ekki teknar til greina, og þar sem ekki er ágreiningur um kröfu-upphæða, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum

málsins ber áfrýjandanum að greiða hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Sigurður Jónsson greiði hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 25/1904:

Árni Sæmundsson
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn . . . (orðrétt eins og í næsta dómi á undan) . . . hvort heldur með peningum eða vinnu.

Þann 11. júní 1902 var áfrýjandanum útmæld lóð við Grettisgötu . . . (orðrétt eins og í næsta dómi á unan) . . . hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á vera óraskaður. Áfrýjandinn Árni Sæmundsson greiði hinni stefndu bæjar-